



Dagsetning
09.09.2013

Aðalskipulag Reykjavíkur 2010 – 2030.

Umsögn Hafnarfjarðarbæjar.

Skipulags- og byggingarráð Hafnarfjarðar telur þær áherslur á þéttingu byggðar og vistvæna nálgun sem fram koma í aðalskipulagi Reykjavíkur vera mjög jákvæðar.

Bent skal þó á að í greinargerð með skipulaginu kemur fram að hæðir húsa á þéttingarsvæðum vestan Elliðaána verði verði yfirleitt 3-5 hæðir og þéttleiki ekki minni en 60 íbúðir á hektara. Af þessu virðist mega ætla meginhluti þessara íbúða verði í fjölbýlishúsum. Fram kemur sú stefna að a.m.k. 90% íbúða verði byggðar innan núverandi þéttbýlismarka meðan gert er ráð fyrir að 60% íbúða á höfuðborgarsvæðinu fram til 2050 verði byggðar í Reykjavík. Þetta þýðir þá að 45-50% allra nýrra íbúða á höfuðborgarsvæðinu verði í fjölbýlishúsum í Reykjavík. Það vekur spurningar um eftirspurn og dreifingu slíks húsnæðis á höfuðborgarsvæðinu. Miðað við að Kópavogur stefnir einnig að þéttingu, stendur þá eftir að nágrannasveitarfélögin muni að mestu leyti verða skilin eftir með sérþýli og lítinn markað fyrir fjölbýlishús. Í vinnu við svæðisskipulag Höfuðborgarsvæðisins er viðmiðið að líta á höfuðborgarsvæðið sem eitt búsetusvæði þar sem samvinna verði milli sveitarfélaga um skipulag og byggðaþróun á svæðinu. Hafnarfjarðarbær telur því að varlega þurfi að fara í slíkar áætlanir innan einstakra sveitarfélaga.

Enn fremur leggur skipulags- og byggingarráð áherslu á að tryggð verði greið aðkoma og aðgengi að miðborg Reykjavíkur frá nágrannasveitarfélögum.

Dr. Bjarki Jóhannesson
Sviðsstjóri/skipulags- og byggingarfulltrúi Hafnarfjarðar,
Tölvupóstfang: bjarki@hafnarfjordur.is